

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2022, mánudaginn 27. júní kl. 13:00 var haldinn 320. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn á Bæjarhálsi 1, og um fjarfundarbúnað.

Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds (um fjarfundarbúnað), Vala Valtýsdóttir, Hildur Björnsdóttir (um fjarfundabúnað), Valgarður Lyngdal Jónsson og Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir. Fulltrúi starfsfólks var Unnur Líndal Karlsdóttir.

Einnig tók Bjarni Bjarnason, forstjóri þátt í fundinum.

Fundarritari var Eríkur Hjálmarsson.

Þetta gerðist:

1. Fundargerð SF 319 lögð fram og samþykkt. Fundargerðin verður send til rafrænnar undirritunar stjórnar.
2. Klukkan 13:05 mættu Benedikt Kjartan Magnússon, framkvæmdastjóri fjármála ásamt Bjarna Frey Bjarnasyni, aðstoðarmanni framkvæmdastjóra til fundarins og fluttu kynningu um stöðu fjármögnunar, fjármögnun flutningskerfis rafmagns og fyrirhugaða sölu á hlut OR í Landsneti.

Lögð fram til kynningar svohljóðandi tillaga, dags. 27.06.2022 um útreikning á FFO vaxtaþekju:

Tillögunni fylgir greinargerð.

Lagt er til að við útreikning á FFO vaxtaþekju í samhengi við arðgreiðslustefnu sé horft til greiddra vaxtagjalda sbr. sjóðstreymi í stað gjaldfærðra vaxtagjalda sbr. rekstrarreikning.

Afgreiðslu frestað.

Áhættuskýrsla, dags. 16.06.2022, lögð fram og upplýsingar um útreikning gjaldeyrisáhættu.

3. Lögð fram tillaga starfskjaranefndar, dags. 13.06.2022 um að laun forstjóra hækki um 5,5% frá 1. janúar 2022 að telja.

Tillögunni fylgir greinargerð og minnisblað starfskjaranefndar.

Tillagan samþykkt. Hildur Björnsdóttir situr hjá.

Bjarni Bjarnason og Unnur Líndal Karlsdóttir viku af fundi meðan á dagskrárliðnum stóð.

4. Klukkan 14:15 kom Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, til fundarins vegna dóma Landsréttar í málunum 745/2021 og 681/2020, sem varða Orku náttúrunnar, og lagði fram minnisblað dags. 20.06.2022 um bætur vegna ólögðra uppsagna. Einnig reifaði Jóhannes Karl efnisatriði dóms Landsréttar í málinu 438/2020 sem Ljósleiðarinn átti aðild að.

Umræður og forstjóra falið að kanna hugsanleg áhrif dóms 681/2020.

5. Klukkan 15:00 mættu Erling Freyr Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ljósleiðarans, og Bjarni Freyr Bjarnason, aðstoðarmaður framkvæmdastjóra fjármála, og greindu frá minnisblaði um langtímafjármögnun Ljósleiðarans. Umræður.

6. Klukkan 15:30 mættu til fundarins Berglind Rán Ólafsdóttir, framkvæmdastýra ON, starfsfólk ON þau Ingólfur Örn Guðmundsson, Hólmfríður Haraldsdóttir og Prándur S. Ólafsson, og sérfræðingar hjá Rannsóknunum og nýsköpun OR Vala Hjörleifsdóttir og Ingvi Gunnarsson og greindu frá orkukostum, nýtingu og rammaáætlun.
7. Lögð fram til rýni umhverfis- og auðlindastefna. Lagt er til stefna verði óbeytt. Stefnan rýnd og samþykkt óbreytt.
8. Lögð fram minnisblöð um stöðu umhverfismælikvarða og forðagæslu, dags. 23. 06. 2022.
9. Lagðar fram til upplýsinga, fundargerðir og minnisblöð framkvæmdastjóra dótturfélaga Orkuveitu Reykjavíkur.

Drög að fundargerð stjórnarfundar Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.05.2022

Minnisblað framkvæmdastýru Orku náttúrunnar ohf. dags. 19.06.2022

Drög að fundargerð stjórnarfundar Carbfix ohf. dags. 25.05.2022

Minnisblað framkvæmdastjóra Carbfix ohf. dags. 22.06.2022

Minnisblað framkvæmdastjórnar Veitna ohf. dags. 23.06.2022

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli stjórnarfunda, dags. 23. 6. 2022, ásamt framhaldskýrslu dags. 27.06.2022. Umræður.
11. Lagt fram til undirritunar staðfesting á umboði forstjóra til að skuldbinda Orkuveitu Reykjavíkur í samskiptum við Evrópusambandið. Skjalið undirritað af öllum stjórnarmönnum, sem voru á staðnum.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl.17:00.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. ágúst 2022.

Brynhildur Davíðsdóttir,
Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Eyþór Laxdal Arndals, Hildur Björnsdóttir,
Valgarður Lyngdal Jónsson, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir.

Undirritunarsíða

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon

Eypór Laxdal Arnalds

Hildur Björnsdóttir

Valgarður Lyngdal Jónsson

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir

Bjarni Bjarnason

Vala Valtýsdóttir

Eiríkur Hjálmarsson